

**Starfsleyfi
fyrir
urðunarstað Sorpeyðingar Eyjafjarðar
Glerárdal**

Kt. 631293-2639

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði eftirtalra laga og reglugerða: lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Sorpeyðingu Eyjafjarðar, kt. 631293-2639 vegna móttöku og urðunar úrgangs í Glerárdal. Komi nýr aðili að rekstri staðarins getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Sorpeyðing Eyjafjarðar er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt tiltækt á vinnustað og hjá umsjónaraðila sveitarfélagsins.

1.2. Lýsing á starfsemi

Heimilt er að urða allt að 20.000 tonn af almennum úrgangi á ári. Óheimilt er að taka á móti spilliefnum til förgunar. Þær tegundir úrgangs sem má urða á urðunarstaðnum eru eftirfarandi:

Úrgangur sem flokkaður er sem hættulítill og fellur í 1, 2, 3, 4, 6, 8, 15, 16, 17, 18, 19, og 20. flokk I. viðauka reglugerðar nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

1.3. Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal í samvinnu við sveitarstjórn upplýsa almenning um möguleika á endurnotkun og endurnýtingu úrgangs. Í samræmi við stefnu stjórnvalda skal markvisst unnið að nýtingu úrgangs, t.d. með endurnotkun eða endurnýtingur þ.e. orkuvinnslu, endurvinnslu, jarðgerð og gasvinnslu. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Undir þetta fellur t.d. lífrænn úrgangur, svo sem matarleifar, pappír, garðaúrgangur, timbur og sláturúrgangur, umbúðaúrgangur, dekk og brotamálmar.

1.4. Mengunarvarnir

Rekstraraðili skal nota bestu fánlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta vel orku. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir).

1.5. Tilkynning vegna mengunarslysa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 3.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um tilfelli þar sem hætta er á bráðamengun. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Slík atvik skal tilkynna til eftirlitsaðila sem metur hvort þörf sé frekari aðgerða.

1.6. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal með góðum fyrirvara veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum.

1.7. Gangsetning/stöðvun rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að urðunarstaðurinn hafi verið tekin í notkun aftur ef förgun úrgangs hefur legið niðri í meira en mánuð. Verði rekstri hætt varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði sé ráðstafað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila innan þriggja mánaða um ráðstafanir sem gerðar hafa verið. Vinna skal samkvæmt neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri staðarins.

1.8. Lokun urðunarstaðar

Um frágang urðunarsvæðis, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi samkvæmt starfsleyfi þessu lýkur, skal fara samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs, og annarra laga og reglugerða eftir því sem við á, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Frágangur og landnotkun skal vera með þeim hætti að endanlegur frágangur falli sem best að núverandi landslagi. Ákvæði greina 2.5, 2.6 og 2.7 skulu uppfyllt eftir lokun. Áætlun um endanlegan frágang og landnotkun eftir lokun urðunarsvæðisins skal liggja fyrir ekki seinna en ári áður en starfsemi lýkur.

1.9. Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni skal fyrirtækið, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd áætlun um að draga úr mengun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðun starfsleyfis sbr. 21. gr. reglugerðarinnar. Fyrirtækið skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar.

1.10. Grænt bókhald

Fyrirtækið skal færa grænt bókhald og er skiladagur **1. maí ár hvert**, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Skila skal einnig útstreymisbókhaldi fyrir 1. mars í samræmi við ákvæði reglugerð nr. 322/2002, um útstreymisbókhald.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

2.1. Móttaka og skráning úrgangs

Skrá skal magn og gerð úrgangs sem tekinn er til urðunar í samræmi við reglugerð nr. 184/2002. Óheimilt er að taka á móti til urðunar fljótandi úrgangi, hjólbarðum minni en 1,4 m í þvermál, brotajárni, ökutækum, spilliefnum og öðrum úrgangi sem uppfyllir ekki viðmið fyrir urðunarstaði fyrir almennan úrgang sbr. II viðauka með reglugerð nr. 738/2003. Rekstraraðili skal setja móttökuskilyrði fyrir sláturúrgang sem tekinn er til urðunar. Skilyrðin skulu vera í samræmi við fyrirliggjandi leiðbeiningar um meðhöndlun sláturúrgangs.

2.2. Meðhöndlun spilliefna

Spilliefni sem kunna að berast rekstraraðila skal komið til viðkenndrar spilliefnamóttöku. Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti til urðunar. Í því skyni skal rekstraraðili kanna reglulega úrgangsfarma sem berast urðunarstaðnum.

2.3. Bann við brennslu úrgangs

Brennsla úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er að bönnuð.

2.4. Daglegur frágangur á urðunarstað

Daglega skal þekja allan lífrænan úrgang, sem meindýr sækja í og allan úrgang sem getur fokið með þekjuefni sem hindrar aðgang meindýra og fok. Verði vart við meindýr á borð við rottur eða fugla skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila.

2.5. Endanlegur frágangur urðunarreinar

Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi eða lagi úr sambærilegu efni, minnst eins metra þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af urðunarreinunum en sigi ekki ofan í úrganginn.

2.6. Um yfirborðsvatn og grunnvatn

Urðunarstaðurinn skal þannig staðsettur og hannaður að yfirborðsvatni sé beint frá urðunarstaðnum og annað vatn safnist ekki í urðunarsvæðið. Komið skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn.

2.7. Um sigvatn

Þar sem sigvatn safnast undan urðunarstað skal það leitt um hriplag í olíu/fitugildru, setþró og malar- eða mósíu eða siturlögn eða annan jafngildan búnað.

2.8. Losunarmörk

Styrkur efna í sigvatni frá urðunarstaðnum skal vera undir þeim losunarmörkum sem tilgreind eru í meðfylgjandi töflu. Magn sigvatns (rennslismæling) skal mælt einu sinni í mánuði ásamt sýrstig (pH), hitastig og leiðni. Samsetning sigvatns, og eftir því sem við á grunnvatns, ásamt magni og samsetningu yfirborðsvatns skal mælt ársfjórðungslega. Mæla skal heildar köfnunarefni (N-total), heildar fosfór (P-total), heildar lífrænt kolefni (TOC eða COD), heildar þurrefni (TDS) og að auki aðra efnispætti ef styrkur þeirra er yfir mælingamörkum sem tilgreint er í töflunni. Auk þess skal vakta lindir og borholur með tilliti til þeirra þátta sem gefa mest frávík frá bakgrunnsgildum. Magn metans skal metið í útstreymi frá urðunarstaðnum. Skila skal útstreymisbókhaldi sbr. gr. 1.10, ef magn metans fer yfir 100.000 kg/ár. Upplýsingum um árlegt magn annarra efna skal skilað ef það er meira en tilgreint er í töflunni hér að neðan.

Efnispáttur	Losunarmörk mg/l	Mælingamörk mg/l	Magn Kg/ár	Efnispáttur	Losunarmörk mg/l	Mælingamörk mg/l	Magn Kg/ár
Heildar N			5000 0	Mo	3,5	0,2	
Heildar P			5000	Ni	3	0,12	20
TOC eða COD			5000 0	Pb	3	0,15	20
AOX	1,0	0,1	1000	Sb	0,15	0,1	
BTEX	1,0	0,1	200	Se	0,2	0,04	
TDS				Zn	15	1,2	100
As	0,3	0,06		Klóríð	8 500	460	
Ba	20	4		Flúoríð	40	2,5	2000
Cd	0,3	0,02	5	Súlfat	7 000	1 500	
Cr alls	2,5	0,1	50	Fenóltala	250	0,3	
Cu	30	0,6	50	DOC	250	160	
Hg	0,03	0,002	1				

2.9. Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að draga úr hávaða frá urðunarstaðnum og skal hávaði vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð um hávaða.

3. INNRA EFTIRLIT FYRIRTÆKISINS OG VÖKTUN

3.1. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Rekstraraðili skal fyrir 1. mars ár hvert senda yfirlit fyrir árið á undan til Umhverfisstofnunar.

- Magn og gerð úrgangs sem urðaður er.
- Niðurstöður mælinga á magni og efnasamsetningu sigvatns og yfirborðsvatns
- Niðurstöður mælinga á magni og efnasamsetningu gas
- Tæmingu hreinsibúnaðar fyrir sigvatn og förgun þess úrgangs.
- Úrgang sem hafnað er til urðunar, þar með talið magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Úrkomumagn á staðnum.
- Daglegt hitastig, lágmark, hámark, kl 12 á hádegi.
- Dagleg stefna og styrkur vindátta.
- Loftraki daglega kl 12 á hádegi
- Uppgufun

Þar sem upplýsingar um veðurfar liggja fyrir frá nálægri veðurstöð má styðjast við þær.

3.2. Eftirlitsmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga í frárennsli og sigvatni skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Rekstraraðili skal hafa samráð við eftirlitsaðila um staðsetningu og útfærslu sýnatökuaðstöðu á fyrsta starfsári starfsleyfis.

3.3. Samráðsfundur

Rekstraraðili skal á tveggja á fresti boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar á samráðsfund. Þessir aðilar geta þó boðið oftari til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um rekstur urðunarstaðarins, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til að ræða.

3.4. Viðbragðsáætlanir

Rekstraraðili skal útbúa viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar. Tryggja skal að starfsfólk hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

3.5. Neyðaráætlun

Útbúa skal neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði urðunarstaðarins ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri staðarins. Neyðaráætlunin skal innihald tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem urðunarstaðurinn er ekki í notkun.

3.6. Skýrslur til eftirlitsaðila

Fyrirtækið skal senda eftirlitsaðila niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. gr. 3.1, 3.2 og 4.3.

3.7. Annað

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga og fá til þess aðila sem Umhverfisstofnun samþykkir. Niðurstöður mengunarmælinga skal senda Umhverfisstofnun og hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd þegar þær liggja fyrir.

4. STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1. Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi sem starfsemi urðunarstaðarins veldur á umhverfið, þar með taldir starfshættir, efnisnotkun og meðferð sigvatns.

4.2. Umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

4.3. Umhverfi

Halda skal athafnasvæðinu snyrtilegu. Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður, og skulu hlið vera lokað nema þegar starfsemi fer fram. Fara skal þannig með allan úrgang við flutning, endurnýtingu, förgun eða aðra meðferð að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.

4.4. Verktakar

Verktakar sem annast verk fyrir rekstraraðila við meðhöndlun úrgangs skulu hafa öll tilskilin leyfi.

4.5. Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila. Verði gert samkomulag um yfirtöku eftirlits samkvæmt 9. grein í reglugerð nr. 786/1999 um mengunvarnaeftirlit, flyst það til viðkomandi aðila, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 1. flokk skv. fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar sem umhverfisráðherra setur. Gjald vegna viðbótareftirlits greiðist sérstaklega skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

6. GILDISTAKA.

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs, sbr. lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, öðlast gildi þegar útgáfa og gildistaka þess hefur verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda Starfsleyfið gildir til **1. júlí 2009**. Starfsleyfi urðunarstaðarins frá **24. september 1999** fellur úr gildi við gildistöku starfsleyfis þessa.

Reykjavík 08. október 2004

Umhverfisstofnun